



# Fjárfestakynning

1F 2023

5. maí 2023

# / Helstu tíðindi fjórðungsins




## Fjölgun skírteina á tímabilinu

- Hagnaður nam 229 milljónum.
- Samsett hlutfall er 110,4%. Horfur ársins óbreyttar.
- Fjölgun tryggingaskírteina á fyrsta ársfjórðungi í fyrsta skipti síðustu sex ár.
- Tjónaþungur fjórðungur. Tvö stórtjón á tímabilinu.
- Einskiptiskostnaður nemur um 130 milljónum.



## Góð ávöxtun fjáreigna

- Fjárfestingartekjur 1,2 milljarðar.
- Nafnávöxtun fjárfestingarsafns 2,7%.
- Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun.



## Nýtt skipurit

- Nýtt skipurit og framkvæmdastjórn.
- Sameining við Fossa fjárfestingarbanka; áreiðanleikakannanir yfirstaðnar og línur skýrast á næstu vikum.
- SIV eignastýring fjölgar starfsmönnum og bíður starfsleyfis.

# / Tækifæri í sameiningu



Við sögðum frá því í fjórðungnum að stjórn VÍS og hluthafar Fossa fjárfestingarbanka hafi ákveðið að hefja viðræður um kaup VÍS á öllu hlutafé í Fossum.

**Áreiðanleikakannanir** eru **yfirstaðnar** og nú standa yfir viðræður um kaupin og **miðar þeim vel áfram**.

Vert er að geta þess að kaupin eru háð skilyrðum um **samþykki eftirlitsstofnana** og **samþykki hluthafa VÍS**.



**Markmiðið er að auka og efla tekjustoðir félagsins**

Eignastýring, tryggingastarfsemi og fjárfestingarbanki



# / IFRS 17 – í stuttu máli



## Markmið:

- Tryggja samræmda bókhaldslega meðhöndlun allra váttryggingasamninga
- Gera samanburð á milli tryggingarféлага auðveldari
- Bæta upplýsingum við skýringar

## Gjaldþolshlutfall og arðgreiðslugeta verður sú sama

Helstu niðurstöður, svo sem hagnaður fyrir skatt, heildarhagnaður og eigið fé, breytist ekki

Reikningsskilastaðallinn IFRS 17 tók gildi 1. janúar 2023

## Lykilhugtök

- **Tekjur af váttryggingarsamningum:** Þetta hugtak leysir iðgjöld af hólmi, en innifelur bæði iðgjöld og aðrar tekjur af váttryggingasamningum svo sem tekjur af greiðsludreifingu. Ágóðahlutdeild og eftir á veittir afslættir eru ekki lengur innifaldir í tekjum heldur færast sem kostnaður.
- **Kostnaður af váttryggingarsamningum:** Tjón og rekstrarkostnaður váttrygginga.
- **Afkoma af váttryggingarsamningum:** Samtala tryggingatekna, tryggingakostnaðar og endurtryggingasamninga.

Rekstrarreikningur	IFRS 17	IFRS 4	Breyting
Tekjur af váttryggingasamningum	6.177	6.081	-97
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	-193	-87	106
Aðrar tekjur og gjöld	-8	-17	-9
Hagnaður tímabilsins	229	229	0
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Viðskiptakröfur	0	9.353	9.353
Váttryggingaskuldir	26.934	36.288	9.353
<b>Kostnaðarhlutfall</b>	24,1%	24,5%	0,4%
Tjónahlutfall	83,4%	84,8%	1,4%
Endurtryggingahlutfall	2,9%	3,0%	0,1%
Samsett hlutfall	110,4%	112,3%	1,9%

# Lykiltölur úr rekstri – 1F 2023



Rekstrarreikningur	1F 2023	1F 2022	Br.	Br. %
Tekjur af váttryggingasamningum	6.177	5.779	398	7%
Kostnaður af váttryggingasamningum				
- Tjón tímabilsins	-5.155	-4.482	-673	15%
- Rekstrarkostnaður váttryggingasamninga	-1.486	-1.420	-66	5%
Hreinn kostnaður af endurtr.samningum	-181	-146	-35	24%
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>-645</b>	<b>-269</b>	<b>-376</b>	
Aðrar fjárfestingartekjur	329	52	278	
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	827	223	604	
Rekstrarkostnaður fjárfestinga	-98	-70	-29	
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>1.058</b>	<b>205</b>	<b>853</b>	
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	-193	95	-288	
<b>Afkoma fjármagnsliða</b>	<b>865</b>	<b>300</b>	<b>565</b>	
Aðrar tekjur og gjöld	-8	11	-19	
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>212</b>	<b>42</b>	<b>170</b>	
Tekjuskattur	17	31	-13	
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>229</b>	<b>73</b>	<b>157</b>	
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr.	86,4%	80,1%		
Kostnaðarhlutfall váttryggingasamninga	24,1%	24,6%		
Samsett hlutfall	110,4%	104,7%		
Ávöxtun fjáreigna	2,7%	0,8%		
Arðsemi eigin fjár	1,4%	0,4%		
Hagnaður á hlut	0,13	0,04		

**Váttryggingatekjur**  
**6.177 m.kr.**

1F 2022 || 5.779 m.kr

**Samsett hlutfall**  
**110,4%**

1F 2022 || 104,7%

**Ávöxtun fjáreigna**  
**2,7%**

1F 2022 || 0,8%

**Hagnaður**  
**229 m.kr.**

1F 2022 || 73 m.kr

**Arðsemi eigin fjár**  
**1,4%\***

1F 2022 || 0,4%

\*Fyrir fjórðunginn

**Gjaldpóshlutfall**  
**1,48**

1F 2022 || 1,54



# Vátryggingarekstur

# Próun tekna fjórðungsins




## Vátryggingatekjur

	1F 23	1F 22	1F 23 vs 22	1F 22 vs 21
Skaðatryggingar	5.732	5.377	6,6%	3,4%
Líftryggingar	446	402	10,8%	5,0%
Samtals	6.177	5.779	6,9%	3,5%


## Fjölgun skírteina á fyrsta fjórðungi

- Fjölgun tryggingaskírteina á fyrsta ársfjórðungi í fyrsta skipti síðustu sex ár
- 11% aukning iðgjalda í líf- og sjúkdómatryggingum
- Aukin umsvif í samfélaginu hafa leitt til vaxtar í ákveðnum atvinnugreinum
- Meiri sala og minna brottfall í iðgjöldum og skírteinum

## Tekjur af vátryggingasamningum - þróun



## Vöxtur vátryggingatekna milli ára á 1F



# Próun tjóna fjórðungsins




## Tjónakostnaður

	1F 23	1F 22	1F 23 vs 22	1F 22 vs 21
Skaðatryggingar	4.970	4.301	15,5%	-4,1%
Líftryggingar	185	181	2,2%	24,0%
Samtals	5.155	4.482	15,0%	-3,3%


## Hvernig tjón voru þetta?

- Tvö stórtjón sem telja tæp 4% af tjónahlutfalli; ábyrgðartjón og brunatjón.
- Síðustu vikurnar í desember voru tjónapungar og það elti okkur inn í fyrsta ársfjórðung.
- Ríflega hundrað ára kuldamet féll á tímabilinu en það var viðvarandi kuldatíð í sex vikur, eða frá 7. desember til 19. janúar.

## Tjónahlutfall fjórðungsins




## Fjöldi skráðra tjóna







## Samsett hlutfall síðustu 12 mánaða



## Skipting á samsettu hlutfalli



## Rekstrarkostnaður



- Breytt aðferðafræði við eignfærslur mun leiða til lækkaðra afskrifta á næstu árum
- Afskriftir nema um 149 milljónum á 1F
- Einskiptiskostnaður, t.d. forstjóraskipti, húsnæðisbreytingar vegna SIV og áreiðanleikakannanir vegna kaupa á Fossum nema samtals um 130 milljónum

# Efnahagsreikningur




	31.03.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>		
Fjárfestingareignir	44.397	44.235
Aðrar eignir	6.719	5.920
<b>Eignir samtals</b>	<b>51.116</b>	<b>50.154</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>16.262</b>	<b>17.325</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.371	3.320
Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda*	3.424	2.207
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	23.510	22.881
Aðrar skuldir	4.548	4.422
<b>Skuldir samtals</b>	<b>34.853</b>	<b>32.830</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>51.116</b>	<b>50.154</b>


\*Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda kemur í stað iðgjaldaskuldar skv. IFRS 4.

Viðskiptakröfum vegna iðgjalda er **nettað** á móti iðgjaldaskuld og þá stendur eftir skuld vegna þegar greiddra iðgjalda. Veldur því að efnahagsreikningurinn **dregst saman** um rúma 9 milljarða miðað við það sem verið hefði samkvæmt IFRS 4.


## Eiginfjárlutfall



## Skipting vátryggingaskuldar



## Gjaldþolshlutfall



- **Gjaldþolshlutfall lækkar í 1,48** vegna hækkunar gjaldþolskrafna
- **Markaðsáhætta hækkar** aðallega vegna hækkunar á samhverfðri aðlögun (e. symmetric adjustment)
- **Vátryggingaáhætta hækkar** í takt við aukin umsvif en mótaðilaáhætta hækkar vegna árstíðabundinnar hækkunar á viðskiptakröfum

## Breyting á gjaldþoli



## Breyting á gjaldþolskröfu






# Fjárfestingar



# Fjárfestingartekjur og ávöxtun 1F




## Fjárfestingartekjur 1F 2023




- **Ávöxtun fjáreigna** 2,7% og fjárfestingartekjur 1.156 milljónir
- **Jákvæð afkoma af öllum eignaflokkum**
- Góð afkoma af **ríkisskuldabréfum**. Fyrsti fjórðungur í sex ársfjórðunga þar sem ríkisskuldabréf skila jákvæðri afkomu
- **Önnur skuldabréf** skila 391 milljón eða 2,6% nafnávöxtun
- Hækkun **skráðra hlutabréfa** nam 4,0% samanborið við 1,8% hækkun vísitölu skráðra hlutabréfa. Hampiðjan hækkaði um 10% eða 125 milljónir
- **Óskráð hlutabréf** hækkuðu um 258 milljónir eða 3,5%. Annata (VPE AN) hækkar um 82 milljónir, Umbreyting slhf. um 66 milljónir og VEX I slhf. um 55 milljónir

## Samsetning fjárfestingareigna



## Ávöxtun fjárfestingareigna




# Fjárfestingareignir - skuldabréf




Skuldabréf og handbært fé  
**27,8 ma.kr.**


- Meðaltími safns 2,0 ár (2,1 ár í lok 4F 22)
- Verðtryggingarhlutfall innlends skuldabréfasafns 44% (45% í lok 4F 22)
- Um 24% af safni á fljótandi vöxtum
- Erlend skuldabréf að mestu erlendir „credit“ sjóðir
- Erlend skuldabréf eru varin fyrir gjaldeyrisáhættu




10 stærstu skuldabréfaeignir í m.kr.



Meðaltími skuldabréfasafns og verðtryggingarhlutfall



Próun á vöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa - RIKB25 frá árinu 2018




# Fjárfestingareignir – hlutabréf




## Skráð hlutabréf 8,3 ma.kr.

- Skráð hlutabréf hækkuðu um 4% í fjórðungnum
- Helstu kaup í fjórðungnum voru Alvotech, Síldarvinnslan og Paragon (erl. hlbr.sj)
- Í fjórðungnum var dregið úr eign í Arion, AKTA HS1 og Eimskip
- Félagið fjárfesti í hlutabréfum Alvotech fyrir 450 milljónir í fjórðungnum en í lok síðasta árs keypti félagið breytanlegt skuldabréf á Alvotech að fjárhæð 300 milljónir

Skráð hlutabréf í lok 1F 2023




Ávöxtun skráðra hlutabréfa



## Önnur hlutabréf 7,5 ma.kr.

- Óskráð hlutabréf og framtakssjóðir
- 3,5% hækkun í fjórðungnum
- Annata (VPE AN) hækkar um 19% eða 82 milljónir
- Hækkun framtakssjóðanna Umbreytingar um 22% og VEX I um 16%
- Upplýst er um breytingu óskráðra hlutabréfa ársfjórðungslega, ef tilefni er til

Önnur hlutabréf í lok 1F 2023



5 stærstu óskráð hlutabréf – virðisbreyting á 1F 2023

	Virði í m.kr. 31.03.2023	Virði í m.kr. 31.12.2022	Virðisbreyting í fjórðungnum	Gengi 31.03.2023
<b>kerecis</b>	1.425	1.425	0	10.424
<b>Controlant</b>	1.208	1.208	0	145
<b>CORIPHARMA</b>	838	812	26	16,0
<b>BLUE LAGOON ICELAND</b>	654	654	0	1,4*
<b>annata</b>	523	443	82	115,5**
	4.650	4.542	108	

\* eignarhlutur í gegnum Hvatningu slhf.  
\*\* eignarhlutur í gegnum VPE AN (VEX)

# SIV eignastýring hf.



## Félagið bíður starfsleyfis frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands

- **Eignastýring**
  - Eignasafn VÍS í stýringu
- **Sjóðastýring**
  - Skuldabréfasjóðir
  - Hlutabréfasjóðir
  - Kredit sjóðir
- Heimild til formarkaðssetningar fyrsta sjóðsins
- Ráðning nýrra starfsmanna
  - Sævar Ingi Haraldsson
  - Sigurður Ottó Þorvarðarson

**Aðsetur félagsins er í Ármúla 3**

## Stjórn



**Valdimar Svavarsson**  
Stjórnarformaður



**Ólöf H. Pálsdóttir**  
Stjórnarmaður



**Ragnheiður Þorkelsdóttir**  
Stjórnarmaður

## Starfsmenn



**Arnór Gunnarsson**  
Eignastýring



**Guðmundur O. Eiríksson**  
Eignastýring



**Ingunn A. Hjaltadóttir**  
Lögfræðingur



**Þorkell Magnússon**  
Sjóðastýring



**Sævar I. Haraldsson**  
Sjóðastýring




**Sigurður O. Þorvarðarson**  
Sjóðastýring




# Hluthafar




## Greiðslur til hluthafa í ma.kr.



## Hluthafar 02.05.2023



## Gengispróun frá skráningu\*



\*arðsleiðrétt til 17.02.23

## 10 stærstu hluthafar 02.05.2023

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	9,4%
Skel fjárfestingafélag hf.	9,3%
Gildi lífeyrissjóður	9,2%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	9,0%
Sjávarsýn ehf.	7,3%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	6,7%
Stapi lífeyrissjóður	4,6%
Birta lífeyrissjóður	3,8%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	3,6%
IS EQUUS Hlutabréf	2,7%

# / Horfur 2023


Félagið telur að samsett hlutfall ársins 2023 verði á bilinu **96-98%**

- Farið verður yfir samsett hlutfall hvers ársfjórðungs í uppgjörum félagsins ásamt stöðu og horfum í rekstri félagsins.
- Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf félagsins.

**Langtímamarkmið félagsins**  
**Samsett hlutfall** ekki hærra en **95%**  
**Arðsemi eigin fjár** að lágmarki **15%**



# Nýtt skipurit



## Ný inn í framkvæmdastjórn



Ingjörg Ásdís Ragnarsdóttir



Sindri Sigurjónsson



Jón Áni Traustason

# / Fyrirvari

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.

Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttu sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif. VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.







Þar sem **tryggingar**  
snúast um fólk